

# Fundargerð 45. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 12. mars kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Díana Hilmarsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Kvörtun til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja - 2101002SO

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bókaði að fundi sínum sem haldin var 26. febrúar 2021 varðandi skattlagningu orkumannvirkja. Bókunin hljóðar svo:

"Stjórnin samþykkti að sambandið vinni áfram að þessu máli í samvinnu við Samtök orkusveitarfélaga á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga."

Guðjón Bragason, sviðsstjóri velferðar- og lögfræðisvið sambands kemur á fundinn og útskýrir í hvað þessu felst.

Guðjón fór yfir stöðu mála. Stjórn sambandsins tekur jákvætt í að taka þátt í málinu. Báðar stjórnir munu taka málið fyrir þegar það verður fullmótað.

Grétar Ingi Erlendsson vék af fundi kl.11:20

### 2. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO

Formaður leggur fram drög að stefnumörkun samtakanna fyrir tímabilið 2020-2022.

Stjórn samtakana samþykkir stefnumörkun stjórnar 2020-2022.

Stefán Bogi Sveinsson vék af fundi kl.11:40

### 3. Orkufundur 2021 - 2101001SO

Ræða undirbúning vegna Orkufundar 2021. Ákveða þarf dagsetningu og staðsetningu orkufundar.

Stjórn ræddi um tillögur að dagskrá Orkufundar 2021. Ákveðið að halda Orkufundinn 28. maí 2021.

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Árni Eiríksson

---

Einar Kristján Jónsson

---

Grétar Ingi Erlendsson

---

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

---

Skarphéðinn Orri Björnsson

---

Stefán Bogi Sveinsson